

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 62/2000

frá 28. júní 2000

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2000 frá 25. febrúar 2000⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/1999 frá 23. júlí 1999 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 varðandi undirvísitölur í samræmdri vísitölu neysluverðs⁽²⁾, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 267, 15.10.1999, bls. 59, skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1617/1999 frá 23. júlí 1999 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð trygginga í samræmdri vísitölu neysluverðs og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 214, 13.8.1999, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 192, 24.7.1999, bls. 9.

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 19c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96) í XXI. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **399 R 1749:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/1999 frá 23. júlí 1999 (Stjtið. EB L 214, 13.8.1999, bls. 1), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 267, 15.10.1999, bls. 59,
- **399 R 1617:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1617/1999 frá 23. júlí 1999 (Stjtið. EB L 192, 24.7.1999, bls. 9).“

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 19g (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2646/98) í XXI. viðauka við samninginn:

„19h. **399 R 1617:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1617/1999 frá 23. júlí 1999 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð trygginga í samræmdri vísitölu neysluverðs og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96 (Stjtið. EB L 192, 24.7.1999, bls. 9).“

3. gr.

Texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/1999, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 267, 15.10.1999, bls. 59, og (EB) nr. 1617/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. júní 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner